

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 100/2008**

**frá 26. september 2008**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2008 frá 25. apríl 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1238/2007 frá 23. október 2007 um setningu reglna um hæfi nefndarmanna í kærunefnd Efnastofnunar Evrópu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 frá 15. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32007 R 1354**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 frá 15. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):  
„12zca. **32007 R 1238**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1238/2007 frá 23. október 2007 um setningu reglna um hæfi nefndarmanna í kærunefnd Efnastofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 10).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1238/2007 og 1354/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.